




Efstaleiti 3 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna fjölgunar bílastæða

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2026 var lögð fram fyrirspurn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Óskað er eftir að fjarlægja þrjá runna á bílastæði og fjölga bílastæðum um þrjú.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Skýringarmynd úr fyrirspurn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin miðsvæði *M21-Listabraut-RÚV*.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Efstaleiti – RÚV reitur, samþykkt í borgarráði 21. júlí 2016, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fjarlægja þrjá runna á bílastæði og fjölga bílastæðum um þrjú.

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið. Í skilmálum deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að bílastæði innan lóðar séu að lágmarki 27 og að hámarki 47. Fyrirhuguð fjölgun bílastæða er því innan þeirra marka sem gildandi deiliskipulag setur

Töluverð gróðurpekja er á lóð Efstaleitis 3 og má gróflega áætla að hún sé um 35% af stærð lóðarinnar. Því er ekki um umtalsverða skerðingu á gróðri innan lóðar með því að fjarlægja 3 runna innan bílastæðis.

Með hliðsjón af starfsemi á lóðinni, þ.e. heilsugæslu, er eðlilegt að tryggt sé gott aðgengi að byggingunni fyrir notendur þjónustunnar, þar á meðal hreyfihamlaða, gangandi og hjólandi. Huga þarf að vönduðum yfirborðsfrágangi, meðferð ofanvatns og að gróður á lóð skerðist ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

Mælst er til þess að við útfærslu verði notaðar gegndræpar yfirborðslausnir fyrir ný bílastæði, svo sem Grasstein, Ecoraster eða annað sambærilegt.



Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að fjarlægja runna innan bílastæðis til að koma fyrir þremur nýjum bílastæðum þar sem það er ekki í ósamræmi við skilmála deiliskipulags.
- Mælt er til þess að við útfærsla bílastæðanna verði með gegndræpum lausnum.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
verkefnastjóri

